

1870.

21. septbr.

84. Bréf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austur- amtsins, um lögsókn fyrir að hýsa katólskan prest.

Í bræfi 12. febr. þ. á. skýrði amtmaður Havstein frá því, að katólskur klerkur nokkur, að nafni *Baudoin*, sem á heima í Reykjavík, hafi ferðazt til norðurlands sumarið 1868, og dvalizt 1½ mánuð hjá Einari bónda Ásmundssyni í Nesi í Þingeyjarsýslu, án þess þó að öðru leyti að brjóta gegn lögum landsins; segir amtmaður, að sèr hafi fundizt ástæða til að láta hefja lögsókn gegn tæðum Einari Ásmundssyni, samkvæmt D. L. 6—1—3, sbr. 1—24—16, og tilskipun 24. janúar 1838, 1. gr. og 3. gr., fyrir það, að hann hafi hýst katólskan prest. Stjórnarráðið tilkynnti þá amtmanni, í bræfi 13. maí f. á., að bæði af því, að þá var í orði að löggilda hin almennu borgaralegu hegningarlög 10. febr. 1866 á Íslandi, en samkvæmt þeim er það ekki framar lagabrot, sem getið er um í nefndri grein D. L., og svo af því, að menn nú um langan aldur hafa litið á þesskonar athöfn öðrum augum, en áður, þá geti stjórnarráðið ekki fallizt á, að hann hafi gjört þessar ráðstafanir án þess að bera málið upp við stjórnina fyrirfram, og mæltist til, að hann sendi útskrift í lagaformi af öllu því, sem fram færi í málinu, undireins og dómur væri fallinn og áður en nokkuð væri gjört til að fullnægja honum. Með bræfi 2. febr. þ. á. hefir amtmaður Havstein sent hingað útskriftina, og af henni sèst, að Einar Ásmundsson er dæmdur í héraðsdómi sýkn af ákæru réttvísinnar 12. oktbrm. f. á., og málskostnaður lagður á hið opinbera. Hérumbil um sama leyti hefir stjórnarráðinu borizt bænarskrá, þar sem tæður Einar Ásmundsson biður um vernd gegn ofsóknum Havsteins amtmanns, og kvartar undan, að þó svo hafi farið, að hann sè dæmdur sýkn, hafi lögsóknin samt rýrt mjög vinnuaflla sinn og spillt lánstrausti sínu, að því ótöldu, að til tals kom að kyrsetja eigur hans; hann skýrði einnig frá, að einmitt það, að hann var- ákærður til stórsekta, hafi ollað sèr og fólki sínu mikilla skaprauna, og rýrt virðingu sína manna ámilli.

Útaf þessu gefst amtinu hérmeð til vitundar, til leiðbeiningar og eptirbreytni, að stjórnarráðinu finnst ekki vera ástæða til, að

láta skjóta dóminum til æðri réttar, og mælumst vèr til að það verði birt Einarí Ásmundssyni, að með því hann sè dæmdur sýkn af ákæru þeirri, sem hèr er getið um, þykir stjórnarráðinu ekki fært, að halda lengra út í þetta eina mál.

1870.

21. septbr.

**85. Bréf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austur-
amtsins, um ótta fyrir hallæri í Þingeyjarsýslu.**

28. septbr.

Í bræfi 30. f. m. hefir amtið á ný skýrt frá, að búast megi við hallæri í nyrðstu hreppum Þingeyjarsýslu, og sókt um, að fluttar verði 100 tonn af kornmat til Húsavíkur, eða þá, ef því verður ekki við komið, til Akureyrar, og að amtið megi verja þessum forða til að afstýra hallærinu að vetri komanda.

Útaf þessu verður hërmeð til vitundar gefið, að stjórnarráðið hefir fengið vitneskju frá Örum og Wulff um, að þeir hafi í sumar sent til verzlunar sinnar á Húsavík jafnmikið af kornmat og þeir sè vanir, 830 tonn af rúgi og 200 tonn af bánka-byggi, auk þess segja þeir, að lausakaupmaður *Predbjörn* skipstjóri hafi flutt þangað 300 tonn af rúgi, og verzlunarfulltrúi þeirra keypt af því hërumbil 26 tonn; enn fremur virðist þeim megi álíta, að nægur forði sè til á Akureyri, og að flutt hafi verið til Vopnafjarðar fram yfir það, sem vant er að flytja þangað, 150 tonn af korni, enda sè það og lagt fyrir verzlunarfulltrúa þeirra þar, að hann reyni til, ef á þarf að halda, að flytja þenna forða til verzlunarinnar í Húsavík.

Þareð nú þannig er ástatt, finnst stjórnarráðinu ekki ástæða til, að gjöra þessar sèrstaklegu ráðstafanir, sem amtið hefir stungið uppá, en verður að láta það vera komið undir amtinu sjálfu, að nota þá aðferð, sem getið er í bræfi stjórnarráðsins 25. ágúst f. á.¹, til þess að afstýra hallæri, ef það vofir yfir.

¹) Tiðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 814.